## Kylfur.

Eg býst við, að ýmsir muni vilja fá sér kylfur, og skal geta þess, að þær fást í „Völundi“. Fékk eg þar fullorðinskylfur úr furu á 1 kr. (báðar auðvitað) og furðaði mig satt að segja á verðinu, þó að eg sé einn af þjóð, sem brattara hefir boðizt í kaupum síðan 1602, en flestum öðrum. En vonandi verður réttara verð á kylfunum þegar fleiri fara að kaupa þær. Ágætar eikarkylfur fékk ég í Kaupmannahöfn á 65 aura, en birkikylfur á 50 aura, á stað sem hafði þó annað fremur til síns ágætis en ódýrleika.

16. 1.

*Dr. H. P.*

Ingólfur 1913 5/2

## Næturverðirnir.

Getur nokkur sagt mér, hvort næturverðirnir verða að hafa áverka þá, sem þeir fengu nýlega, bótalaust, — Guðmundur Stefánsson þá líklega eins og nokkurskonar fimtugsafmælis-hugnun — eða hvort tekjufénu, eða a. m. k. nokkru af því, er varið til að sína lit á að bæta þeim meiðslin?

30. 1.

*Dr. H. P.*

Ingólfur 1913 5/9